

Nafn sjúklings:

Nafn læknis:

Símanúmer læknis:

Dagsetning þegar Remsima meðferð hófst:

Núverandi lyfjagjöf:

Þú skalt einnig hafa lista meðferðis yfir öll önnur lyf sem þú notar í hvert skipti sem þú leitar til heilbrigðisstarfsfólks.

Listi yfir önnur lyf:

Listi yfir ofnæmi:

Þú skalt biðja lækinn um að skrá niður tegund og dagsetningu síðustu berklarannsóknar hér fyrir neðan:

Próf:

Dagsetning:

Niðurstaða:

Það er mikilvægt að þú og lækirinn þinn skrái sérheiti og lotunúmer lyfsins sem þér er gefið.

Sérlyfjaheiti:

Lotunúmer:



LM117907-PA004

Áminningarkort
sjúklings

NO IS ET

Remsima[®]
influximab

Kortið skal sýna öllum
þeim læknum sem
koma að meðferðinni.

Fold

Fold

Fold

Fold

Fold

Þetta áminningarkort sjúklings inniheldur mikilvægar öryggisupplýsingar sem þú þarft að hafa í huga áður en þú færð lyfið Remsima og meðan á meðferð stendur.

Þegar þú byrjar á nýju korti skaltu geyma þetta kort til hliðsjónar í 4 mánuði eftir síðasta skammtinn af Remsima.

Þú skalt lesa fylgiseðil Remsima vandlega áður en þú byrjar að nota lyfið.

Hafðu kortið meðferðis í 4 mánuði eftir að þú fékkst síðast Remsima skammt, eða við þungun í allt að 6 mánuði eftir fæðingu barnsins. Aukaverkanir geta komið fram löngu eftir að þú færð síðasta skammtinn af Remsima.

| Sýkingar |

Áður en meðferð með Remsima hefst

- Segðu læknum frá því ef þú ert með sýkingu, jafnvel þótt hún sé aðeins smávægileg.
- Það er mjög mikilvægt að þú segir læknum frá því ef þú hefur einhvern tímann fengið berkla eða ef þú hefur verið í náinni snertingu við einhvern sem hefur haft berkla. Læknirinn mun rannsaka hvort þú hafir berkla. Þú skalt biðja lækinn um að skrá tegund og dagsetningu síðustu berklarannsóknar á kortið.
- Segðu læknum frá því ef þú ert með lifrabólgu B eða ef þú veist eða þig grunar að þú getir borið lifrabólgu B veiruna í þér.

Meðan á meðferð með Remsima stendur

- Segðu læknum samstundis frá því ef þú hefur einkenni sýkingar. Einkennin geta verið hiti, þreyta, (þrálátur) hósti, mæði, þyngdartap, nætursviti, niðurgangur, sár, tannkvillar, sviðatilfinning við þvaglát eða flensulík einkenni.

| Meðganga og bólusetningar |

- Ef þú fékkst Remsima á meðgöngu er mikilvægt að þú upplýsir lækni barnsins um það áður en barnið fær einhverjar bólusetningar. Barnið á ekki að fá bólusetningu með lifandi bóluæfnum svo sem BCG (notað til að koma í veg fyrir berkla) í 6 mánuði frá fæðingu.